

Gjaldskrá vatnsveitu Húnabyggðar



1.gr.

Almennt

Gjaldskrá fyrir vatnsveitu Húnabyggðar er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005

2.gr.

Vatnsgjald

Hafi vatnsveita Húnabyggðar verið tengd við mannvirki á fasteign ber að greiða af henni árlegt vatnsgjald til Húnabyggðar og skal það vera eftifarandi:

- a. Vatnsgjald íbúðarhúsnaðis verði fast gjald 5.770,22kr. pr. íbúð og 211,78kr. pr. fermetra húss.
- b. Vatnsgjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 17.665,08kr. pr. eign og 233,54kr. pr. fermetra húss.
- c. Árleg vatnsgjöld fyrir sveitabýli, eitt íbúðarhús og útihús á sömu kennitölu skulu vera eitt fastagjald og fullt fermetragjald af íbúðarhúsinu og 1/2 fermetragjald af öðrum húsum.
- d. Álagning skv. a-c-lið skal þó aldrei vera hærri en 0,4% eða lægri en 0,1% af fasteignamatí allra húsa og lóða.

3. gr.

Gjalddagar

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

Aukavatnsgjald

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, greiða auka-vatnsgjald sem hér segir:

Aukavatnsgjald	Verð/m ³
fyrstu 100.000m ³	36,48kr.
100.000-250.000m ³	33,13kr.
eftir 250.000m ³	30,21kr.

Aukavatnsgjald skal innheimta samkvæmt mæli sem Húnabyggðar leggur til.

5. gr.

Mælaleiga

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu á tveggja mánaða fresti greiða mælagjald vegna leigu á vatns-mælum sem hér segir:

Stærð mælis	Mælagjald á dag
32mm eða minni	16,44kr.
40mm	16,44kr.
50mm	19,52kr.
80mm	46,92kr.
100mm eða stærri	84,76kr.

Gjaldskrá vatnsveitu Húnabyggðar



6. gr. Heimæðargjald

Heimæðagjald er sem hér segir:

Þvermál inntaks	Inntaksgjald	Yfirlengd - metraverð
25mm	291.677kr.	13.685kr.
32mm	421.309kr.	13.685kr.
40mm	534.738kr.	13.685kr.
50mm	712.984kr.	13.685kr.
63mm	1.004.660kr.	13.685kr.
75mm	1.425.968kr.	13.685kr.
90mm	2.100.249kr.	13.685kr.

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 50 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Gjald fyrir heimæðar 110mm og víðari greiðist samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar (grunnur 2009) 1. september 2024, 193,0 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

7. gr. Ábyrð á greiðslu gjalda

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds, en notandi, ef hann er annar en eigandi, ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalda og leigugjalda. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 9. gr. laga nr. 32/2004. Vatnsgjald og heimæðargjald, ásamt vöxtum og áföllum kostnaði, nýtur lögveðsréttar í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfaraveði. Aukavatnsgjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Húnabyggðar 28.01.2025 er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá nr. 1708/2023.

Húnabyggð, 28. janúar 2025

Pétur Árason sveitarstjóri